

# Endurúthlutun kallmerkja

Félagsfundur ÍRA í Skeljanesi fimmtudag 9. nóvember 2023



# Málefni endurúthlutunar

- Málefni um endurúthlutun kallmerkja varð í brennidepli eftir að listi yfir úthlutuð TF kallmerki var uppfærður [og enduruppsettur] á heimasíðu ÍRA í ágústmánuði 2023.
- Uppfærsla var gerð vegna fyrirspurna frá félagsmönnum um hvar væri hægt að finna upplýsingar um laus kallmerki (viðskeyti).
- Ný uppfærsla var unnin samkvæmt gögnum frá Fjarskiptastofu m.v. 31.5.2023. Uppsetningu var verulega breytt til að auðvelda sem mest góða yfirsýn og yfirlestur. Nýi listinn hefur verið uppfærður jafn óðum, síðast 29. ágúst s.l.
- Um var að ræða enduruppsetningu lista sem TF3DC vann árið 2017, sem upphaflega hafði verið settur upp af TF3JB árið 2009.

# Sýnishorn af uppsetningu TF kallmerkja eftir uppfærslu



Listi yfir úthlutuð kallmerki radióamatöra dags. 29. ágúst 2023. Heimild: Fjarskiptastofa.

Ath. þegar leita á að lausu kallmerki, skal leita eftir viðskeyti, þ.e. *ekki* TF3IRA heldur *aðeins* IRA.

Nota má t.d. „Control F“ á lykklaborði.

	<b>A</b>
TF1	<b>A</b>
TF3	<b>AA</b>
TF3	<b>AB</b>
TF5	<b>AD</b>
TF2	<b>ADN</b>
TF3	<b>AFN</b>
TF3	<b>AGN</b>
TF3	<b>AH</b>
TF4	<b>AH</b>
TF3	<b>AI</b>
TF3	<b>AK</b>
TF3	<b>ALT</b>
TF3	<b>AM</b>
TF3	<b>ANT</b>
TF2	<b>AO</b>

	<b>B</b>
TF5	<b>B</b>
TF8	<b>BAG</b>
TF8	<b>BB</b>
TF3	<b>BBN</b>
TF3	<b>BC</b>
TF3	<b>BD</b>
TF2	<b>BE</b>
TF3	<b>BGL</b>
TF3	<b>BH</b>
TF3	<b>BHS</b>
TF1	<b>BI</b>
TF3	<b>BIN</b>
TF3	<b>BJ</b>
TF3	<b>BJV</b>
TF8	<b>BK</b>

	<b>C</b>
TF3	<b>CAN</b>
TF1	<b>CB</b>
TF3	<b>CC</b>
TF3	<b>CD</b>
TF3	<b>CE</b>
TF3	<b>CG</b>
TF3	<b>CJ</b>
TF2	<b>CL</b>
TF3	<b>CO</b>
TF3	<b>CQ</b>
TF3	<b>CS</b>
TF2	<b>CT</b>
TF1	<b>CW</b>
TF3	<b>CW</b>
TF3	<b>CZ</b>

	<b>D</b>
TF3	<b>D</b>
TF3	<b>DA</b>
TF3	<b>DB</b>
TF3	<b>DC</b>
TF1	<b>DD</b>
TF7	<b>DHP</b>
TF3	<b>DJ</b>
TF3	<b>DK</b>
TF3	<b>DL</b>
TF3	<b>DM</b>
TF3	<b>DOR</b>
TF3	<b>DT</b>
TF3	<b>DU</b>
TF3	<b>DV</b>
TF3	<b>DX</b>

# Til hliðsjónar, nokkur atriði

- Fyrir liggur að íslenskir leyfishafar eru tiltölulega fáir og aðeins hefur verið úthlutað rúmlega 500 kallmerkjum frá upphafi (1947).
- Kallmerki íslenskra radióamatöra eru misvel þekkt, innanlands sem utan.
- Sumir eru þekktir í DX og keppnum, aðrir ekki. Sumir eru t.d. heiðursfélagar ÍRA og hafa unnið vel í þágu áhugamálsins í gegnum árin.
- Ekki er jafn mikil ásókn í tiltekin/sérstök viðskeyti og var áður, t.d. til notkunar á morsi en kröfur um kunnáttu í morsi voru felldar niður með reglugerðinni árið 2004.

## Til hliðsjónar nokkur atriði - //

- Aukin virkni á stafrænum tegundum útgeislunar gerir að verkum að t.d. lengd kallmerkja og samsetning skiptir minna máli en áður.
- Áberandi hefur verið síðustu ár hve ásókn í kallmerki með 3 stöfum í viðskeyti hefur aukist. Dæmi: TF3AWS.
- Eftir niðurfellingu kallsvæðaskiptingarinnar með breytingarreglugerð nr. 1306/2017 (22.12.2017) á reglugerð nr. 348/2004 opnuðust auknir möguleikar á notkun sama viðskeytis með fleiri tölustöfum – jafnvel þrátt fyrir búsetu á sama landssvæði. Dæmi: TF1SA og TF3SA, sem báðir eru búsettir í Reykjavík.

# Kjarni málsins

- **Kjarni málsins:** Þegar leyfishafi deyr, hvenær kemur kallmerki hans til endurúthlutunar?
- Nefndir sem skipaðar hafa verið innan félagsins til að taka á þessu máli [eftir samþykkt aðalfundar árið 1981] hafa ekki komist að niðurstöðu.
- Því gildir í dag samþykkt frá aðalfundi ÍRA árið 1981 þess efnis, að kallmerkjum látinna félaga verði ekki úthlutað á ný fyrr en að 20 árum liðnum. Fjarskiptastofa gerir ekki athugasemd við þessa vinnureglu.
- Þessi regla var viðhöfð við uppfærslu TF kallmerkjalistans haustið 2023.

# Nokkrir möguleikar koma til greina

- Unnið verði áfram eftir samþykktinni frá 1981, þ.e. að kallmerki geti komið til endurúthlutunar þegar 20 ár eru liðin frá láti leyfishafa. Orðalagið „geti komið“ þýðir að gera má undantekningar.
- Skipuð verði nefnd 3 félaga sem skili tillögu(m) á aðalfundi þann 10. mars 2024.
- Kallmerki látinna leyfishafa komi aldrei til endurúthlutunar.
- Félagið fari þess á leit að Fjarskiptastofa annist málið.
- Önnur lausn.

# Til umhugsunar

- Frá og með 1. janúar 1977 var tekin upp sú nýbreytni hjá Pósti & síma, að innheimta ekki leyfisgjöld hjá radíóamatörum á hverju ári eins og verið hafði til þess tíma.
- Þess í stað voru greitt hærri leyfisgjald í upphafi þegar um var að ræða nýtt leyfisbréf.
- Þessi breyting byggði m.a. á því að ÍRA tæki yfir ákveðin verkefni, t.d. vinnu við að semja próf til amatörleyfis, sem þó þyrfti samþykkt P&s áður en þau voru lögð fyrir.
- Rök voru þau, að slíkt fyrirkomulag sparaði stofnuninni vinnu sem réttlætti niðurfellingu árlegra gjalda.
- Til umhugsunar er, hvort ástæða væri til að óttast árlega gjaldtöku á ný ef núverandi verkefnajafnvægi yrði raskað.



Þakkir fyrir gott hljóð. Endir.